

Athugun á laxa- og fiskalús við Haukadalsbót 26. maí 2017

Föstudaginn 26. maí 2017 var gerð talning á laxa- og fiskilús á fiskum í kvíum Arctic Sea Farm hf. í Dýrafirði. Athugunin er liður í vottunarferli Arctic Sea Farm hf. hjá alþjóðlegu samtökunum ASC (Aquaculture Stewardship Council) sem veita vottun fyrir ábyrgt og sjálfbært fiskeldi. Við framkvæmd athugunarinnar voru hafðar til hliðsjónar leiðbeiningar Matvælastofnunar (Mast, 2014) og farið eftir samningi NV nr.18-15.

Lagt var af stað frá höfninni á Þingeyri kl. 08:00 á bátum Dýrfisku ÍS. Skipstjóri var Bernharður Guðmundsson og með í för var Darius Slatkevicius starfsmaður Arctic Sea Farm hf.. Starfsmaður Náttúrustofu Vestfjarða var Cristian Gallo verkefnastjóri. Veður var með besta móti og vinnuaðstæður því góðar. Komið var í land aftur kl. 10:00.

Við Haukadal voru áður sex kvíar með regnbogasilungi en þegar talningin var gerð var einungis fiskur eftir í einni kví (Hb 6). Athugaðir voru 11 fiskar úr kvínni og má sjá niðurstöður athugana í töflu 1. Upplýsingar um fjölda fiska og meðalþyngd þeirra fengust frá Bernharði Guðmundssyni.

Allar lýs voru teknar af fiskunum, þær greindar undir smásjá og geymdar í sýnasafni Náttúrustofu Vestfjarða. Eins og sjá má í töflunni hér að neðan fundust; 1 kynþroska kvenndýr laxalúsar (*Lepeophtheirus salmonis*), 2 hreyfanleg karldýr laxalúsar og 1 fiskilús (*Caligus sp*).

Tafla 1. Niðurstöður greininga á lúsum á fiskum úr kví Hb 6 í Haukadal 26. maí 2017. Sjávarhiti 5,7° C, meðalþyngd fisks 3,2 kg og fjöldi í kví 78.763.

Fiskur nr	F	H	K	Fiskilús	Athugasemdir
1	0	0	0	0	
2	0	0	0	0	
3	0	0	0	0	
4	0	0	1	0	kynþroska kvennlús
5	0	0	0	0	
6	0	1	0	0	karllús
7	0	0	0	0	
8	0	0	0	0	
9	0	1	0	0	karllús
10	0	0	0	0	
11	0	0	0	1	
Samtals	0	2	1	1	

Minnisblað ritar Cristian Gallo, Bolungarvík, 26. maí 2017.



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA